

Þessi þorsti eftir réttlætinu— réttri skynjun, sannri dómgreind, sönnum verkum, sannri tilbeiðslu, er öll vor æfleið gengur út á, má aldrei ná varanlegri fullnægingu. Það er að segja vér verðum að gæta þess, að útskýringu og fullnaðar þýðingu kristindómsins skuli aldrei verða skorður settar, af nokkurri bók, nokkurri játningu, nokkru klerkavaldi, nokkru trúarlegu sakramenti eða seremoníu, er fullnægja þykist eðlilegu hungri og þorsta manssálarinnar eftir því æðra og enn æðra. Endileg fullnæging hungurs og þorsta, í þeim skilningi, þýðir dauða, og ekkert nema dauða. Sé það frelsunin, að oss finnist vér ekki framar getum drýgt synd, að vér höfum svo fullkomnast að vér þurfum einskis framar að leita, er gjört geti líf vort fullkomnara og betra, þá þurfum vér að frelsast frá þeirri *sáluhjálp*. Því þá er samband vort við lífstilveruna slitid, andlegur þroski snúinn í afturför, og þráin eftir fullkomnun horfin. Eftir því sem líf mannsins er fullkomnara eftir því er enn meira hungrið og þorstinn eftir því, er eilíflega getur gjört það viðtækara og meira. Hve bjart hið tilkomanda, þeim er horfir fram á leið, efalaus, til eilífra upprennandi sólna, er færa nýjan dag og nýtt erviði! Það er þess vegna að framtíðar braut skoðana vorra verður að vera braut daglegra opinberana, eins og Unítara trúin hefir verið í liðinni tíð, vegna víðsýnis sinna ágætismanna, er henni hafa fylgt. Enda er lífið sjálft tæpast annað en það. Sálir manna hafa hvetjandi áhrif hver á aðra. Sá, til dæmis, er með lífi sínu uppfyllir einhverja háleita hugsjón, vekur hjá öðrum samskonar löngun til að lifa. Persóna ósérplægs stjórnmálamanns, blæs hverjum löggjafa meir og minna í brjóst, að lifa samskonar lífi, stétt sinni og landi til sóma. Hreinskilinn verslunarmaður er vernd gegn svikum í kaupum og sölu, vörn gegn lygum og táli, öðrum hvöt til orðheldni og ærlegheita. Öll þau lög, er eg hefi nefnt, eru aðeins jafn margir vegir, er menn fá lifað eftir og strá göfgandi áhrifum til gagns og þrifa. Á því hvílir hin eilífa endurnýjung og fágun andlega lífsins, að mannkynið lifi því lögmáli. Og spurningin sem mætir oss er því, hversu fáum vér komið því til vegar? Hvernig getum vér